

**vatn** *hk – hús Ö*  
[-s, vötn]

– vatnið er hreint á Íslandi

‡

**hús** *hk – hús*  
[-s, -]

– þau byggja hús í Hafnarfirði

‡ • eldhús, húsgögn, leikhús, pósthús,  
sjúkrahús, veitingahús

**land** *hk – hús Ö*  
[-s, lönd]

– Ísland er kalt land

‡ • útlönd, lenda, erlendis, útlendingur

**fólk** *hk et – hús*  
[-s]

– hvaða fólk er þetta?

‡ • starfsfólk

**kost-a** *so vb-a – kalla*  
[-aði]

– hvað kosta sítrónurnar?

‡ • kostnaður

**lín-a** *kv – stofa*  
[-u, -ur]

– það eru þrjátíu línur á  
blaðsíðunni

‡ • beinlínis

**hjálp-a** *so vb-a – kalla*  
[-aði]

– geturðu hjálpað mér með þetta?

‡ • hjálp

**fela** *so vb-i – heyra*  
[faldi]

– við skulum fela okkur!

‡

**rað-a** *so vb-a – kalla*  
[-aði]

– geturðu raðað orðunum í rétta  
röð?

‡ • röð

**aðstaða** *kv et/ kv ft – stofa Ö*  
[[et] aðstöðu; [ft] aðstæður; [ef.ft]  
aðstæðna]

– hvernig er aðstaðan á  
tjaldstæðinu?

‡ • standa; staða, afstaða, niðurstaða

**náttúr-a** *kv – stofa*  
[-u, -ur]

– náttúran er viðkvæm fyrir  
mengun

‡ • náttúrulega

**kaffi** *hk et – hús*  
[-s]

– hvort viltu te eða kaffi?

‡ « te

**te** *hk et – hús*  
[-s]

– hvort viltu kaffi eða te?

‡ « kaffi

**þok-a** *kv – stofa*  
[-u, -ur]

– mikil þoka var á heiðinni

‡

**kjöt** *hk et – hús*  
[-s]

– seljið þið kjöt og fisk?

‡ kjöt

**nám** *hk et – hús*  
[-s]

– hún er í námi erlendis

‡ • nema, nemandi